



Ársfundur FEDON - 29. maí 2017

Flutningsmaður: Einar Pétur Heiðarsson

ÁLYKTUN FEDON

um samstarf FEDON við Stúdentaráð Háskóla Íslands.

FEDON ályktar að fela formanni FEDON að vinna að aukinni aðkomu SHÍ að réttindabaráttu doktorsnema og nýdoktora við Háskóla Íslands, í samræmi við samskonar ályktun sem samþykkt var með öllum greiddum atkvæðum á fundi Stúdentaráðs þann 23. maí 2017 (sjá meðfylgjandi ályktun og greinargerð sem lögð var fyrir SHÍ). FEDON ályktar að sú vinna skuli vera með skipulögðum og formlegum hætti og afrakstur hennar liggja fyrir í febrúar 2018. FEDON áréttar þá skoðun sína að SHÍ eigi að vera málsvari allra stúdenta við HÍ og að áherslur í réttindabaráttu SHÍ þurfi að endurspeglar aukinn fjölda framhaldsnema við skólann.

ÁLYKTUN STÚDENTARÁÐS

um samstarf ráðsins við FEDON, Félagsdoktorsnema og nýdoktora við Háskóla Íslands

Stúdentaráð Háskóla Íslands (SHÍ) ályktar að fela formanni SHÍ að vinna að aukinni aðkomu doktorsnema að réttindabaráttu SHÍ í samstarfi við FEDON, Félagsdoktorsnema og nýdoktora við Háskóla Íslands. Sú vinna skal vera með skipulögðum og formlegum hætti og afrakstur hennar liggja fyrir í febrúar 2018. SHÍ tekur undir þau sjónarmið að SHÍ eigi að vera málsvari allra stúdenta við HÍ og að áherslur í réttindabaráttu SHÍ þurfi að endurspeglar aukinn fjölda framhaldsnema við skólann.

GREINARGERÐ

Megin tilgangur þeirra breytinga sem hér eru kynntar er að efla hagsmunagæslu framhaldsnema við Háskóla Íslands. Stjórn FEDON telur að tímabært sé að tengja betur saman hagsmunagæslu grunnnámsnema og framhaldsnema við HÍ.

Fyrst nokkur orð um FEDON, Félagsdoktorsnema og nýdoktora við Háskóla Íslands, sem stofnað var vorið 2010. Markmið félagsins var að standa vörð um hagsmuni doktorsnema og nýdoktora gagnvart HÍ. Samkvæmt lögum félagsins er stjórn þess skipuð tveimur fulltrúum frá hverju fræðasviði háskólans. Stjórnin skiptir með sér verkum. Allir doktorsnemar og nýdoktorar við HÍ eru félagsmenn. Ársfund skal halda einu sinni á ári. Lögum félagsins er



breytt á ársfundi með einföldum meirihluta. Allir félagsmenn hafa rétt á að sitja aðalfund og leggja fram tillögur á honum. Tillögur til lagabreytinga þarf að birta þremur dögum fyrir aðalfund.

FEDON skipar einn fulltrúa í stjórn Miðstöðvar framhaldsnáms við HÍ. Segja má að þetta embætti sé það sem mestu máli skiptir fyrir starfsemi FEDON og réttlæti um leið tilvist þess. Ljóst er að Miðstöð framhaldsnáms við HÍ er og verður í lykilhlutverki varðandi þróun og umsjón með framhaldsnámi stúdenta við HÍ enda er hlutverk hennar að tryggja gæðakröfur í framhaldsnámi skólans. Stjórnin vinnur nú að endurskoðun á þeim lögum og reglum sem gilda um námið auk þess sem stjórnin fer yfir álitamál sem upp koma t.d. á milli nemenda og leiðbeinenda.

Það er mat núverandi stjórnar FEDON að nauðsynlegt sé að styrkja stöðu þess svo tryggja megi vöxt og viðgang þess samhliða viðgangi og vexti framhaldsnáms við HÍ. Félagið er frekar einangrað og má í því sambandi benda á að lítil samskipti eru á milli þess og Stúdentaráðs HÍ sem þó er ætlað það hlutverk að vera æðsti fulltrúi nemenda innan HÍ (1. liður 2. grein laga SHÍ). Raunar er erfitt að sjá þess stað að hagsmunir framhaldsnema séu hafi verið hluti af starfsemi SHÍ hingað til nema að litlu leyti.

Það er ekki markmið þessarar greinargerðar að gagnrýna núverandi stöðu hagsmunagæslu stúdenta við HÍ, né þá menningu sem þróast hefur í Stúdentaráði frá stofnun þess árið 1920. Hér skal frekar leggja áherslu á það að horfa til framtíðar.

Staðreyndin er sú að skipulagt og almennt framhaldsnám við HÍ er tiltölulega nýtilkomið í hundrað ára sögu skólans og það er okkar skoðun að hagsmunagæsla framhaldsnema hafi ekki fylgt þeirri þróun nægjanlega vel. Stjórn FEDON vill bæta og efla þessa hagsmunagæslu.

Nú kann einhver að segja að hagsmunir framhaldsnema séu ekki þeir sömu og hagsmunir grunnnámsnema og að mikill aldurs- og aðstöðu munur sé á milli þessara hópa. Það er að vissu leiti rétt en þessir hópar eiga líka mikið sameiginlegt. Þeir stunda nám við sama skóla og eiga í samskiptum við sömu stofnanir háskólans auk þess sem æ fleiri grunnnámsnemar kjósa að fara beint í framhaldsnám að grunnnámi loknu.

Meðalaldur doktorsnema er enn nokkuð hár á Íslandi samanborið við önnur ríki í Evrópu en sé rýnt í tölurnar sést að hann fer lækandi. Ef fram fer sem horfir munu doktorsnemar og grunnnámsnemar færast nær hvorir öðrum í aldri á næstu árum auk þess sem gera má ráð fyrir því að algengara verði að þeir sem á annað borð ætla í doktorsnám muni gera það strax að loknum grunnnámi. Uppsöfnuð þörf eldri kynslóða til að bæta við sig doktorsnámi mun með tíð og tíma jafnast út. Því er enn ríkari ástæða til þess að horfa til framtíðar og byggja upp kerfi sem hæfir þeim tíma sem framundan er í stað þess að dvelja um of við fortíðina.

Stjórn FEDON leggur til að teknað verði upp formlegar viðræður á milli FEDON og SHÍ um aukna samvinnu félaganna með það að markmiði kanna möguleika á að fulltrúa doktorsnema verði tryggt fast sæti í Stúdentaráði. Stjórn FEDON leggur einnig til að kannað verði hvort mögulegt sé að kjósa hluta stjórnar FEDON beinni kosningu samhliða kosningum til Stúdentaráðs með rafrænu kosningakerfi Reiknistofnunar HÍ.